

Borgarráð

***Höfði friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands - samstarfssamningur,
stofnsamningur og skýrsla ársins 2017***

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi samning og stofnsamning vegna Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Þá er einnig lögð fram skýrsla Höfða friðarseturs 2017, dags. nóvember 2017.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Skýrsla Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands 2017, dags. nóvember 2017.

Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands vegna Höfða friðarseturs, drög.

Stofnsamningur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands, drög.

SKÝRSLA NÓVEMBER 2017

HÖFÐI FRÍÐARSETUR

REYKJAVÍKURBORGAR OG HÁSKÓLA ÍSLANDS



Efnisyfirlit

Friðardagar í Reykjavík	4
Hugmyndasamkeppni	4
Friðarskipið og friðarsúlan í Viðey	4
Alþjóðleg friðarráðstefna 10/10 ár hvert	4
Fjölbreytt nýsköpun – áhersla á frið	5
10/10 2018 og framhald Friðardaga í Reykjavík	5
Sumarnámskeið Höfða Friðarseturs	6
Samstarfsaðilar og þróun námsefnis	6
Framhald sumarnámskeiðsins	7
Þróun námskeiðs í menningarnæmni	8
Rannsókn á pólitískri orðræðu á Norðurlöndunum	8
Samstarfsmöguleikar og framtíðarhorfur	8
Samstarf sem er til staðar og mætti dýpka	9
Hugmyndir að nýju samstarfi	9
Yfirlit yfir opna viðburði á vegum Höfða friðarseturs	10
Nánar um einstök verkefni og viðburði	11
Kynning á úttekt Alþjóðamálastofnunar á þjónustu við flóttafólk	11
Málstofa fyrir nemendur: Hlutverk kvenna og ungs fólks í að stuðla að friði	12
Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?	12
Gildi og hugsjónir í íþróttum og menntun: Erum við á réttri leið?	12
Spirit of Humanity Forum	13
Málþing um frið á norðurslóðum	13
Summit.Ahead.	14
Viðauki 1: Um Höfða friðarsetur	15
Viðauki 2: Samþykktir og samningar	16
Viðauki 3: Aðdragandi að stofnun Höfða friðarseturs	17
Viðauki 4: Áætlaður rekstrarkostnaður Höfða friðarseturs	19
Viðauki 5: Sumarnámskeið Höfða friðarseturs	20
Viðauki 6: Árleg friðarráðstefna	21

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

ÁFANGASKÝRSLA

Fyrsta starfsár Höfða friðarseturs hefur verið viðburðaríkt og fjölbreytt. Á sama tíma og unnið hefur verið að aukinni fræðslu og umræðu um friðarmál, sem er eitt af markmiðum setursins, hefur setrinu einnig tekist að auka sýnileika borgarinnar í friðarmálum. Fyrstu friðarfulltrúar landsins voru útskrifaðir á árinu eftir vikulangt námskeið í friðarfræðslu og í október tókum við á móti friðarverðlaunahafa Nóbels, ásamt fleiri frábærum fyrirlesurum, á friðarráðstefnu Höfða friðarseturs í Veröld - húsi Vigdísar.

Friðardagar í Reykjavík

Októbermánuður einkennist af mikilvægum friðarviðburðum sem hafa sett svip sinn á Reykjavíkurborg undanfarin ár. Í október 2016 voru *Friðardagar í Reykjavík* haldnir í fyrsta sinn með formlegum hætti. Friðardagarnir hófust með opnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands föstudaginn 7. október. Á laugardeginum tók við opið málþing í Hátíðasal Háskóla Íslands í tilefni af því að 30 ár voru liðin frá leiðtogafundi Reagans og Gorbatsjovs í Höfða þar sem Ban Ki-moon, þáverandi aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, var meðal framsögumanna.

Hugmyndasamkeppni

Í ár einkenndust Friðardagar í Reykjavík af ríkri áherslu á framlag ungs fólks til friðar en töluverð áhersla var einnig lögð á grásrót- og nýsköpunarstarf. Laugardaginn 7. október stóð Höfði friðarsetur fyrir hugmyndakeppni þar sem einstaklingar og félagasamtök komu saman og ræddu hugmyndir um það hvernig Reykjavíkurborg getur stuðlað að friði. Höfundar sex hugmynda sem sendar voru inn fengu tækifæri til að kynna þær með stuttu þriggja mínútna innslagi á umræðutorgi í Tjarnarsalnum. Hannes Ottósson, sérfræðingur í fyrirtækja og hugmyndaþróun hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, hélt stutta tölu um hvernig hægt er að gera hugmynd að veruleika og hugmyndirnar voru þróaðar frekar á umræðuborðum. S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, sá um fundarstjórn og tók við hugmyndunum fyrir hönd borgarstjórnar. Viðburðurinn myndaði mikilvægt samtal við íbúa borgarinnar og varð kveikjan að fjölbreyttum hugmyndum.

Friðarskipið og friðarsúlan í Viðey

Friðarskipið og tendrun friðarsúlunnar í Viðey eru meðal þeirra viðburða sem eiga sér stað á Friðardögum í Reykjavík. Koma Friðarskipsins í ár var einstaklega markverð en með skipinu kom Akira Kawasaki, einn stofnanda ICAN samtakanna (*International Campaign to Abolish Nuclear Weapons ICAN*), sem berjast gegn kjarnorkuvopnavá en samtökin hlutu friðarverðlaun Nóbels þetta árið. Friðarskipið hefur siglt um heiminn frá árinu 1983 til að vekja athygli á friði, mannréttindum og umhverfisvernd. Friðarsúlan í Viðey var síðan tendruð þann 9. október í 11. sinn á fæðingardegri John Lennons. Yoko Ono kom til landsins og bauð upp á siglingar fyrir almenning yfir Viðeyjarsund. Tendrun friðarsúlunnar skipar mikilvægan sess á Friðardögum í Reykjavík og er góð áminning um baráttu Ono og Lennons fyrir heimsfriði.

Alþjóðleg friðarráðstefna 10/10 ár hvert

Friðardagar í Reykjavík árið 2017 náðu vissum hápunkti með alþjóðlegri friðarráðstefnu sem fram fór í Veröld - húsi Vigdísar þann 10. október undir yfirskriftinni *The Imagine Forum: Looking Over the Horizon*. Markmiðið með ráðstefnunni var að horfa til þeirra jákvæðu áhrifa sem ungt fólk getur

haft á samfélag sitt og leiða saman ólíkar kynslóðir til þess að ræða þær áskoranir sem blasa við í heiminum í dag og finna skapandi lausnir og leiðir til þess að takast á við þær.

Aðalræðumenn voru Tawakkol Karman, blaðamaður frá Jemen og handhafi friðarverðlauna Nóbels árið 2011, Unni Krishnan Karunakara, fræðimaður við Jackson Institute for Global Affairs við Yale háskóla og fyrrum forseti samtakanna Læknar án landamæra, og Faten Mahdi Al-Hussaini, talskona gegn hatursorðræðu, baráttukona gegn öfgum og stofnandi samtakanna JustUnity í Noregi.

Tawakkol Karman hefur beitt sér bæði fyrir tjáningarfrelsi, bættri stöðu kvenna og er stofnandi samtakanna *Women Journalists Without Chains* sem berjast fyrir tjáningarfrelsi blaðamanna í Jemen. Unni Krishnan Karunakara hefur meðal annars unnið hjálparstarf í Eþíópíu, Azerbaíjan, Bangladesh og Kongó auk þess að hafa sinnt rannsóknum og kennt í fjölmörgum háskólum víða um heim. Samtök Faten Mahdi Al-Hussaini, JustUnity, vinna að því að aðstoða jaðarsetta einstaklinga í Noregi.

Meðal annarra þátttakenda voru Emi Mahmoud, ljóðaslammari og aðgerðarsinni frá Darfúr, Deqo Mohamed, læknir frá Sómalíu sem hefur barist fyrir og aðstoðað flóttamenn víða um heim, Achaleke Christian Leke, sem hlotið hefur viðurkenningu breska samveldisins fyrir framlag sitt til að sporna við ofbeldisfullum öfgahópum í Kamerún, Georgina Campbell Flatter, framkvæmdastjóri þróunar- og frumkvöðlastofnunar MIT og Élise Féron, fræðimaður við Tampere Peace Research Institute í Finnlandi.

Fjölbreytt nýsköpun – áhersla á frið

Ráðstefnan varð jafnframt vettvangur fyrir aukna umræðu um nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í þágu friðar hér á landi og endaði Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkurborgar, ráðstefnuna með því að kynna nýtt verkefni setursins til sögunnar. Verkefnið felst í því að setja á fót viðskiptahraðal, *Startup Peace*, fyrir hugmyndir sem tengjast friði og grundvallast á samfélags-ábyrgð. Markmið verkefnisins er að hvetja til samfélagslegrar nýsköpunar, stuðla að fjölbreyttara nýsköpunarumhverfi á Íslandi og hvetja einstaklinga til að skapa sér eigin starfsvettvang sem felur jafnframt í sér jákvæðar breytingar fyrir samfélagið. Öllum verður frjálst að senda inn hugmyndir til þátttöku í viðskiptahraðlinum en fyrsta árið munu fimm hugmyndir komast áfram og njóta leiðsagnar sérfræðinga í þær sex vikur sem hraðallinn verður starfræktur. Á þeim tíma verður unnið að frekari þróun verkefnanna og í lokin fá þátttakendur tækifæri til þess að kynna eigin hugmyndir fyrir fjárfestum og viðeigandi stofnunum og fyrirtækjum.

Framkvæmdaaðilar verkefnisins verða Höfði friðarsetur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Stefnt er að því að fá til liðs við verkefnið sjö samstarfsaðila sem geta aðstoðað við þróun verkefnisins og boðið fram þekkingu sína eða aðstöðu. Samstarfi hefur þegar verið komið á við FESTU og Háskóla Íslands en leitað verður til fleiri aðila varðandi samstarf. Þá er stefnan tekin á að fá fimm til sjö bakhjarla til þess að styrkja verkefnið fjárhagslega. Verkefni sem þetta styður við framsæknar og samfélagslega bætandi hugmyndir og hjálpar til við að þær verði að veruleika og ýtir þannig undir frekari framþróun hins opinbera. Þetta verkefni ætti því að geta nýst Reykjavíkurborg með beinum hætti og stuðlað að öflugri tengingu við fyrirtæki og einstaklinga sem vilja stuðla að samfélagslegri framþróun og nýsköpun hér á landi.

10/10 2018 og framhald Friðardaga í Reykjavík

Ungt fólk á faraldsfæti verður í brennidepli á alþjóðlegri friðarráðstefnu Höfða friðarseturs 10/10 2018. Áhersla verður lögð á áhrif landamæra á ungt fólk, undir yfyrskriftinni *Youth on the Move*. Leitast verður við að fá til landsins framúrskarandi framsögumenn, aðgerðarsinna og

fræðimenn, til þess að flytja erindi, koma fram og móta umræðuna um ungt fólk, frið og öryggi. Haldin verður eins dags opin ráðstefna en í framhaldinu verður boðað til lokaðrar málstofu með framsögumönnunum, einstaklingum frá Reykjavíkurborg, úr stjórnsýslunni og Háskóla Íslands, sem og fulltrúum ungliðahreyfinga, friðarhreyfinga og annarra frjálsra félagasamtaka. Hugmyndin er að fara í markvissari stefnumótunarvinnu í framhaldi af ráðstefnunni og nýta betur krafta þeirra sem koma hingað til lands. Þá hefur einnig verið horft til þess að fá framsögufólkið til þess að halda fyrirlestra og starfa sem leiðbeinendur á viðskiptahraðlinum sem mun hefja göngu sína í beinu framhaldi af ráðstefnunni.

Nýsköpun og umræða um ungt fólk og fólksflutninga mun því setja svip sinn á Friðardaga í Reykjavík árið 2018. Hugmyndin er að með árunum bætist við flóruna og að Friðardagarnir verði jafnframt vettvangur fyrir friðarhreyfingar og önnur félög hér á landi til þess að kynna starfsemi sína og standa fyrir opnum viðburðum sem tengjast friði með einum eða öðrum hætti. Vonir standa til þess að friðarumræða verði áþreifarleg þessa daga í Reykjavík og að borgarbúar og allir þeir sem sækja borgina heim fari ekki varhluta af umræðunni. Friðardagar í Reykjavík fela því í sér gríðarlega möguleika og ættu að verða til þess að festa Reykjavíkurborg enn frekar í sessi sem borg friðar.

Sumarnámskeið Höfða Friðarseturs

Fyrstu friðarfulltrúar landsins voru útskrifaðir við hátíðlega athöfn í Höfða föstudaginn 23. júní 2017 eftir að hafa setið vikulengt sumarnámskeið Höfða friðarseturs fyrir börn af ólíkum uppruna. Við útskriftina afhentu friðarfulltrúarnir forseta Íslands, borgarstjóra Reykjavíkur og rektor Háskóla Íslands bréf með hugmyndum sínum að úrbótum á íslensku samfélagi. Meðal þeirra voru tillögur um fleiri ruslatunnur í Breiðholti, lengri frímínútur, að taka vel á móti flóttafólki sem kemur til landsins og byggja gróðurhús og betri íþróttaaðstöðu við Háskóla Íslands. Eliza Reid, forsetafrú, tók á móti bréfinu fyrir hönd forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, og Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, veitti bréfi Dags B. Eggertssonar viðtöku fyrir hönd borgarstjórnar. Eftir útskriftina héldu börnin í útskriftarferð í Viðey.

Sumarnámskeið Höfða friðarseturs var skipulagt í samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Rauða krossinn og Háskóla unga fólksins og var þetta í fyrsta skipti sem námskeiðið var haldið. Markmið þess var að efla friðarfræðslu hér á landi og vinna gegn fordómum og mismunum með því að stuðla að auknum samskiptum barna af ólíkum uppruna. Börnin sóttu vikulengt námskeið í Fellaskóla þar sem lagt var upp með að börnin kæmu til með að öðlast skilning á ólíkum menningarheimum með því að kynnast jafnöldrum með fjölbreyttan bakgrunn. Áhersla var lögð á að efla færni þeirra í að greina og leysa úr átökum á friðsamlegan hátt, tileinka sér gagnkvæma virðingu og samvinnu og auka þekkingu þeirra á mannréttindum, orsökum átaka og friði. Námskeiðið var byggt upp á reynslunámi, notast var við hlutverkaleiki og börnin látn leysa sameiginleg verkefni til þess að öðlast nýja færni og þekkingu. Þá var kennslan einnig brotin upp með leikjum og notast var við listsköpun sem kennsluaðferð. Börnin komu úr Fellaskóla og Hólabrekkuskóla í Breiðholti og voru af mörgum þjóðernum en samtals töluðu þau 15 tungumál. Hópurinn samanstóð bæði af börnum sem eru fædd hér og uppalin og börnum þar sem annað foreldri eða báðir eru af erlendum uppruna.

Samstarfsaðilar og þróun námsefnis

Höfði friðarsetur naut afar góðs af nánú samstarfi við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar við undirbúning og framkvæmd námskeiðsins. Sviðið kostaði einn starfsmann inn á námskeiðið frá fríðstundamiðstöðinni Miðbergi og tók mannréttindafulltrúi sviðsins jafnframt fullan þátt í undirbúningi. Þá veitti sviðið einnig aðstöðu fyrir námskeiðið sem haldið var í Fellaskóla. Höfði friðarsetur fékk til liðs við sig öflugan hóp leiðbeinenda sem bjuggu yfir fjölbreyttum tungumála-

bakgrunni og reynslu sem nýttist vel á námskeiðinu en auk þess að leiðbeina á námskeiðinu tók hópurinn virkan þátt í undirbúningi þess. Námsráðgjafar, kennarar og skólastjórnendur Fellaskóla og Hólabrekkuskóla tóku virkan þátt í því að finna nemendur til þátttöku á námskeiðinu og voru leiðbeinendum innan handar á meðan á því stóð.

Við þróun námsefnis leitaði Höfði friðarsetur einnig eftir viðtæku samstarfi. Fulltrúar frá Landvernd, Félag Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossi Íslands voru með fræðslu á námskeiðinu og sótt var í smiðju UNICEF á Íslandi við gerð námsefnis í friðar- og mannréttindafræðum. Að auki var ákveðið að þróa nýtt námsefni upp úr barnabókinni *Flugan sem stöðvaði stríðið*, í samstarfi við höfund hennar, Bryndísi Björgvinsdóttur, og nemendur við Listaháskóla Íslands. Bókin fjallar um stríð og frið, og um ótta og ókunnar slóðir – sem verða þó að lokum að heimili. Hún tekur á mikilvægi samvinnu og samtakamáttar og í henni er að finna góðan efnivið fyrir umræður og verkefni um mikilvægi þess að rækta sköpunargleðina og athafnaþrána, ásamt því að virða fjölbreytileika og sýna samkennd. Þessar ólíku áherslur nýttust sem grunnur í verkefni sem ætlað er að efla skilning og þekkingu nemenda á mannréttindum og gera þá meðvitaðri um eigið umhverfi. Nemendur í meistaranámi í listkennslufræðum við Listaháskóla Íslands, sem sátu námskeiðið *Human Rights and Education*, hjá Susan Elizabeth Gollifer, sköpuðu listasmiðju þar sem börnin bjuggu til sína eigin flugu og líkön af skólunum sínum og skólalóðum. Nemendurnir tjáðu sig síðan í gegnum flugurnar sem svifu um skólann og skólalóðirnar og lýstu því sem fyrir bar og þeirra upplifun af svæðinu.

Landvernd sá um átthagafræðslu á námskeiðinu en meginmarkmiðið með henni er að nemendur verði meðvitaðri um nærumhverfi sitt og helstu kennileiti þess, bæði náttúruleg og manngerð. Nemendur þurfa að læra að umgangast náttúruna og hvernig hægt er að hafa áhrif á umhverfi sitt, þekkja lýðræðisleg vinnubrögð og helstu boðleiðir sem þeim tengjast. Félag Sameinuðu þjóðanna kynnti spilið Friðarleikar fyrir nemendum á námskeiðinu, en spilið byggir á erlendra fyrirmynd, *World Peace Game*, sem John Hunter hannaði. Spilið gengur út á það að leysa vandamál eins og hungursneyð, faraldra og verkföll, en að auki glíma þátttakendur í sameiningu við hnattræna hlýnun. Vandamálin tengjast öll heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, og markmiðið með spilu er að kynna börnin fyrir markmiðunum sem og að leyfa þeim að sjá afleiðingar þessara vandamála fyrir heiminn og átta sig á þeim auknu lífsgæðum sem fást við að leysa þau. Rauði kross Íslands stóð síðan fyrir fræðslu um fjölbreytileika, fordóma og mismunun þar sem börnin öðluðust dýpri skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir öðrum, óháð útliti og uppruna.

Framhald sumarnámskeiðsins

Um er að ræða fyrsta áfanga í þróun námskeiðsins og eru samstarfsaðilar sammála um að vel hafi tekist til. Mikil þörf er fyrir námskeið hér á landi sem hefur það að markmiði að efla tengsl barna af ólíkum uppruna og auka skilning þeirra á mannréttindum, lýðræði og friðsamlegum samskiptum. Markmiðið samræmist jafnframt þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir, meðal annars í gegnum aðild sína að Sameinuðu þjóðunum. Sem dæmi má nefna samþykkt Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1974 þar sem mælt er til að aðildarríkin beiti sér fyrir fræðslu til að efla skilning milli ríkja, auka samvinnu og stuðla að friði, svo og fræðslu um grundvallarmannréttindi. Fræðslan eigi að ná til allra stiga og gerða uppeldis- og fræðslustofnana. Skuldbindingar sem þessar eru ekki bindandi. Reykjavík ætti engu að síður að vera leiðandi á sviði friðarfræðslu og marka sér um leið ríkari sess sem borg friðar á alþjóðavettvangi.

Margir möguleikar eru fyrir hendi þegar kemur að því að þróa sumarnámskeiðið og námsefni þess enn frekar. Til að mynda þarf að ákveða hvort halda eigi námskeiðið aftur í sömu mynd innan Reykjavíkurborgar og sömuleiðis þarf að ákveða hvort jafnframt verði unnið markvisst að því að koma á fót sambærilegum námskeiðum á landsbyggðinni. Þá hafa komið fram hugmyndir um

alþjóðlegar sumarbúðir ungmenna þar sem áherslan yrði á að skapa Reykjavíkurborg og Íslandi sérstöðu á sviði friðarfræðslu og leggja jafnframt grunninn að uppbyggingu sérfræðiþekkingar á þessu sviði hér á landi. Með því skapast frekari grundvöllur fyrir námsbraut í friðar- og átakafræðum við Háskóla Íslands, sem er eitt af helstu markmiðum friðarsetursins.

Þróun námskeiðs í menningarnæmni

Höfði friðarsetur hlaut nýverið styrk úr menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar *Nordplus*. Um er að ræða *Nordplus Horizontal* styrk sem ætlaður er til samstarfsverkefna á milli skólastofnana og opinberra aðila, einkaaðila eða félagsamtaka, á sviði nýsköpunar í menntamálum.

Verkefnið er samstarfsverkefni á milli háskóla og sveitarfélaga og snýr að þróun netnámskeiðs í menningarnæmni. Markmiðið með námskeiðinu er að mennta starfsfólk sveitarfélaga og háskóla til að það geti betur sinnt þjónustu við innflytjendur og útlendinga.

Háskóli Íslands leiðir verkefnið í samstarfi við Reykjavíkurborg. Þrír aðrir háskólar taka þátt í verkefninu en það eru Háskólinn í Gautaborg, Háskólinn í Osló og Háskólinn í Helsinki en auk Reykjavíkurborgar taka tvö önnur sveitarfélög þátt, Helsinki og Osló. Afrakstur verkefnisins mun nýtast starfsfólki Reykjavíkurborgar með beinum hætti og er liður í því að uppfylla einn af grunnþáttum stofnsamnings Höfða friðarseturs um símenntun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar.

Rannsókn á pólitískri orðræðu á Norðurlöndunum

Höfði friðarsetur hlaut á dögunum styrk úr sjóði *The Joint Committee for Nordic research councils in the Humanities and Social Sciences* (NOS-HS) til að undirbúa rannsóknir á lýðræði og fjölmiðlum í breyttu pólitísku umhverfi. Aðaláhersla verður lögð á pólitíska orðræðu, lýðskrum og birtingarmyndir hatursorðræðu á samfélagsmiðlum. Gert er ráð fyrir að verkefnið hefjist í janúar 2018 en fyrsta málstofan er í Norrköping í Svíþjóð í apríl 2018. Þar verður aðaláhersla á pólitíska orðræðu norrænu stjórnmalaflokkanna og hvernig hún endurspeglast í hatursorðræðu og andúð á innflytjendum. Önnur málstofan fer fram í Helsinki í Finnlandi í nóvember 2018 en þar verða samsæriskenningar, stjórnmal eftirsannleikans og aukin andúð í garð yfirvalda og opinberra stofnana í brennidepli. Verkefnið endar svo með málstofu hér á landi í mars 2019 þar sem sjónum verður beint að því hvernig breyta megir orðræðunni og áhersla lögð á þátttökulýðræði og aukna aðkomu almennings að mikilvægum ákvörðunum.

Háskóli Íslands leiðir verkefnið en samstarfsaðilar eru Háskólinn í Linköping í Svíþjóð og Háskólinn í Helsinki í Finnlandi. Samstarfinu er ætlað að efla rannsóknir á sviði félags- og hugvísinda og eitt af markmiðum verkefnisins er að sækja í erlenda samkeppnissjóði fyrir frekari rannsóknum á lýðræði, fjölmiðlum og pólitískri orðræðu á Norðurlöndunum. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu orðið kveikjan að mikilvægum verkefnum fyrir Reykjavíkurborg og auknu samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar ef styrkur hlýst fyrir frekari rannsóknir á þessu sviði.

Samstarfsmöguleikar og framtíðarhorfur

Verkefni og viðburðir á vegum Höfða friðarseturs fela í sér mikla möguleika til enn frekara og víðtækara samstarfs milli Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Annars vegar má hugsa sér að dýpka enn frekar það samstarf sem þegar hefur verið komið á en hins vegar mætti sjá fyrir sér nýja samstarfsfleti.

Samstarf sem er til staðar og mætti dýpka

Höfði friðarsetur hefur notið afar góðs af því að geta sótt í ríkan mannauð Háskóla Íslands og Reykjavíkurborgar í kynningarmálum og samskiptum við fjölmiðla í tengslum við opna viðburði setursins.

- Friðardagar í Reykjavík hafa verið skipulagðir í nánú samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og það öflugt fólk sem þar starfar í alþjóðamálum, kynningar- og móttökumálum á vegum borgarinnar.
 - Til þess að gera Friðardaga að þeim stórviðburði sem stefnt er að skiptir öflugt og aukið samstarf við menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar og Höfuðborgarstofu öllu máli.
- Skýrsla Alþjóðamálastofnunar um úrbætur í þjónustu við flóttafólk hefur nú þegar ýtt undir samstarf við velferðarsvið og ætti að geta nýst borginni í stefnumótun í þjónustu við flóttafólk.
- Samstarfið við skóla- og frístundasvið hefur verið ómetanlegt í allri vinnu setursins við að koma á fót sumarnámskeiði Höfða friðarseturs. Með enn frekara samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands mætti efla og styrkja námskeiðið enn frekar.
- Viðskiptahraðallinn *Startup Peace* mun njóta góðs af því að geta sótt í þekkingu og reynslu innan Háskóla Íslands og vonir standa til þess að Reykjavíkurborg eigi einnig eftir að reynast öflugur samstarfsaðili í því verkefni.

Hugmyndir að nýju samstarfi

Sérstaða Höfða friðarseturs felst meðal annars í því að setrið tengir saman fræðasamfélagið og öflugt starf borgarinnar. Nánari tengsl við hin ólíku fræðasvið Háskóla Íslands fela því í sér tækifæri og möguleika á að styrkja borgina í starfsemi sinni og stefnumótun. Það sama má segja um öflugt samstarf í tengslum við viðburði og verkefni setursins.

Ráðstefnur Höfða friðarseturs hafa fært hingað til lands aðila sem starfa að málefnum sem eiga erindi við borgina og Háskóla Íslands, dæmi um það eru:

- Faten Mahdi Al-Hussaini, talskona gegn hatusorðræðu í Noregi, sem talaði gegn öfgum og fordómum á ráðstefnu setursins þann 10/10 2017.
 - Faten stofnaði samtökin JustUnity ásamt félaga sínum, Yousef Assidiq, sem hafði sjálfur leiðst út í ofstæki. Í dag aðstoða þau jaðarsetta einstaklinga við að finna sig í norsku samfélagi og vinna þannig gegn öfgum og ofbeldi.
 - Grasrótarstarf Faten og Yousef rímar vel við megináherslur samstarfsnets Reykjavíkurborgar, Nordic Safe Cities.
 - Höfði friðarsetur gæti komið á nánara samstarfi við samtökin og unnið þannig að markmiðum norrænu áætluninnar, sem kallast jafnframt á við markmið setursins um að skapa hér friðar-menningu, með sérstaka áherslu á hlutverk borga í því samhengi.
 - Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands á jafnframt í nánú samstarfi við alþjóðamálastofnanir á Norðurlöndunum. Þær tengingar bjóða upp á öflugri aðkomu Reykjavíkurborgar að Nordic Safe Cities áætluninni með því að veita henni fræðilegan stuðning og betri innsýn inn í rannsóknir og stefnumótun á þessu sviði á Norðurlöndunum.
- Michele Acuto, prófessor í alþjóðasamskiptum og borgarkenningum við University College í London (UCL). Hann flutti erindi við opnun Höfða friðarseturs.
 - Michele Acuto hefur í starfi sínu sem fræðimaður við UCL komið að starfi Sameinuðu þjóðanna um öruggar borgir, UN Safer Cities. Samstarfið tengist Heimsmarkmiðum SP nr. 11 um að gera borgir og aðra búsetu manna örugga og sjálfbæra fyrir alla en felur jafnframt í sér sérstaka tengingu við háskólasamfélagið. Háskóli Íslands gæti til að mynda orðið aðili að áætlun SP, sem kæmi sér vel, bæði fyrir Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg.

- Michele Acuto vinnur jafnframt að því innan UCL að koma á fót verkefni sem felur í sér að skoða alþjóðlegar öryggisáskoranir í þéttbýli og þá sérstaklega tengsl alþjóðlegra öryggisógnna (hefðbundinna og óhefðbundinna) og borgarstefnu. Áherslan er því m.a. á hlutverk borga og sveitarfélaga í að draga úr og mæta öryggisógnum á sveitastjórnarstiginu.
- Nýfengnir styrkir Höfða friðarseturs til rannsókna og nýsköpunar í menntamálum bjóða upp á tækifæri til nánara samstarfs við bæði Mannréttindaskrifstofu og velferðarsvið Reykjavíkurborgar.
- Námskeið Höfða friðarseturs í menningarnæmni kemur til með að nýttast starfsfólki Reykjavíkurborgar með beinum hætti og bæta um leið gæði þeirrar þjónustu sem borgin veitir þeim fjölbreytta hópi sem kys að gera Reykjavík að sinni heimaborg og kemur úr afar fjölbreyttum aðstæðum.
- Rannsóknir á sviði hatursorðræðu gætu orðið grundvöllur fyrir frekara samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og gætu nýst borginni beint í starfi og stefnumótun á sviði mannréttinda og friðar.
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem starfrækt er í Veröld - húsi Vigdísar, er gott dæmi um mikilvægt starf innan Háskóla Íslands sem felur í sér tækifæri fyrir Höfða friðarsetur og Reykjavíkurborg. Þar er að finna tengingar við menningarfræði, tungumál og bókmenntafræði og með aukinni áherslu á að tengja saman friðarfræði og rannsóknarsvið Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er hægt að koma á fót mikilvægum verkefnum, jafnt hér á landi sem erlendis.
- Í þessu samhengi má sem dæmi nefna samstarf við bókmenntaborgina Barselóna og Linguapax, sem eru frjáls félagasamtök sem starfa þar í borg og beita sér fyrir fjölbreytileika tungumála. Nú þegar er á teikniborðinu samstarf milli allra þessara aðila sem fæli í sér ráðstefnu hér á landi annað hvert ár þar sem þessi tvö mikilvægu fræðasvið eru tengd saman og þau sett í samhengi við málefni liðandi stundar. Fyrirhugað er að hefja samstarfið á degi ljóðsins í Barselóna í mars 2018 með alþjóðlegri ráðstefnu sem verður vonandi upphafið að góðri og langvinnri samvinnu UNESCO bókmenntaborganna tveggja, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Linguapax og Höfða friðarseturs.

Yfirlit yfir opna viðburði á vegum Höfða friðarseturs

Fjöldmörg verkefni og viðburðir hafa verið haldnir á vegum Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands frá stofnun setursins.

- **7. október 2016** – Stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands
 - Hátíðleg athöfn í Höfða og opið málþing í Hátíðasal Háskóla Íslands
- **8. október 2016** – Opið málþing í tilefni af 30 ára afmæli leiðtogafundar Gorbatsjov og Reagan í Höfða, í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Aðalræðumaður og heiðursgestur var Ban Ki-moon, þáverandi aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna
- **12. október 2016** – Opið málþing Friðarskipið: *Þau lifðu af árásirnar á Hiroshima og Nagasaki* í Ráðhúsi Reykjavíkur
- **2. nóvember 2016** – Opið málþing *Stríðið í Sýrlandi*: Fyrirlestur Khattab al Mohammad, enskukennara og sýrlenska flóttamanns, í Þjóðminjasafni Íslands, í samstarfi við Fræði og fjölmenningu
- **7. desember 2016** - *Trump og Brexit: Stjórnsmál eftirsannleikans* í Odda 101 í Háskóla Íslands, í samstarfi við Félag stjórnsmálafræðinga

- **15. desember 2016** – *Friðarfræðsla í íslensku samfélagi*: Kynning á Höfða friðarsetri í Listasafni Reykjavíkur í tengslum við sýningu Yoko Ono, Erró og Richard Mosse
- **18. janúar 2017** – *Hagsmunaöflin í Sýrlandi*: Fyrirlestur Dr. Magnúsar Þorkels Bernharðssonar, prófessors í nútímasögu Mið-Austurlanda við Williams College í Bandaríkjunum í Öskju, Háskóla Íslands
- **27. febrúar 2017** – Kynning á niðurstöðum úttektar Alþjóðamálastofnunar á þjónustu við flóttafólk
- **24. mars 2017** – *Kynning á Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna*: Dr. Selim Jahan, aðalritstjóri Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2016 (Human Development Report 2016: Human Development for everyone), kynnti helstu niðurstöður skýrslunnar í Hannesarholti. Í samstarfi við Jafnréttisskóla Sp (UNU-GEST)
- **11. apríl 2017** - Málstofa með Cynthiu Enloe um konur, frið og öryggi í samstarfi við Jafnréttisskóla Sp (UNU-GEST) fyrir nemendur HÍ og nemendur Jafnréttisskólans
- **19. apríl 2017** - *Alþjóðasamvinna á krossgötum*: Hvert stefnir Ísland? Ráðstefna Alþjóðamálastofnunar um alþjóðamál í Norræna húsinu
- **26. apríl 2017**- *Gildi og hugsjónir í menntun og íþróttum*: Erum við á réttri leið? Málþing á Háskólatorgi í samstarfi við Education 4 Peace
- **27. – 29. apríl 2017** – *Spirit of Humanity Forum* í Háskólabíó
- **10. maí 2017** – Ráðstefna um frið á norðurslóðum í samstarfi við Rannsóknasetur um norðurslóðir
- **1. júní 2017** - *Philadelphia: A Welcoming City for Immigrants* í Þjóðminjasafni Íslands. Aðalræðumaður var Jim Kenney, borgarstjóri Philadelphia
- **9. júní 2017** - Opinn fundur *Friðarskipið - Þau lifðu af árásirnar á Hiroshima og Nagasaki* í Ráðhúsi Reykjavíkur
- **19. – 23. júní 2017** - Sumarnámskeið Höfða friðarseturs í Fellaskóla
- **23. júní 2017** - Fyrstu friðarfulltrúar Höfða friðarseturs útskrifaðir við hátíðlega athöfn í Höfða
- **7. október 2017** - Hugmyndasamkeppni: *Hvernig getur Reykjavík stuðlað að friði?*
- **10. október 2017** - *The Imagine Forum: Looking Over the Horizon*, alþjóðleg ráðstefna um ungt fólk, frið og öryggi
- **26. – 28. október 2017** - *Summit.Ahead*, alþjóðleg málstofa um aukna samfélagslega nýsköpun til að mæta nýrri þörf á vinnumarkaði í kjölfar tækniframfara skipulögð af bandarísku samtökunum *Forum280*
- **3. nóvember 2017** - Málstofa Höfða friðarseturs á Þjóðarspeglinum, ráðstefnu í félagsvísindum við Háskóla Íslands
- **7. nóvember 2017** - Kynning á skýrslu Alþjóðamálastofnunar um þjónustu við flóttafólk á Alþjóðadögum Háskóla Íslands

Nánar um einstök verkefni og viðburði

Kynning á úttekt Alþjóðamálastofnunar á þjónustu við flóttafólk

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands vann að greiningu á gæðum þjónustu við flóttafólk og innflytjendur á Íslandi að beiðni innanríkisráðuneytisins og velferðarráðuneytisins, með það að markmiði að meta stöðu flóttafólks á Íslandi í dag og benda á umbótataækifæri þegar kemur að þjónustunni sem aukið gætu samþættingu og skilvirkni í stjórnsýslunni.

Niðurstöður greiningarinnar voru kynntar á opnum fundi í Norræna húsinu 27. febrúar sl. að viðstöddum Þorsteini Víglundssyni, félags- og jafnréttismálaráðherra, og rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni. Bylgja Árnadóttir og Ásdís A. Arnalds, verkefnisstjórar hjá Félagsvísindastofnun, kynntu helstu niðurstöður úr skoðanakönnun meðal flóttafólks á Íslandi og rýnihóparannsókn. Auður Birna Stefánsdóttir, verkefnisstjóri hjá Alþjóðamálastofnun, kynnti niðurstöður úr eigindlegri rannsókn á umbótatækifærum í þjónustu við flóttafólk frá sjónarhóli starfsfólks sveitarfélaga og Rauða kross Íslands. Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi í lögfræði, og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun, kynntu tillögur að umbótum til að auka samþættingu og skilvirkni stjórnsýslunnar.

Málstofa fyrir nemendur: Hlutverk kvenna og ungs fólks í að stuðla að friði

Nemendur Háskóla Íslands og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna tóku þátt í sameiginlegri málstofu þar sem fjallað var um hlutverk kvenna og ungs fólks í að stuðla að friði með prófessor Cynthiu Enloe þann 11. apríl 2016. Málstofan var haldin á vegum Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Nemendahópurinn var afar fjölbreyttur. Auk nemenda í alþjóðasamskiptum, blaða- og fréttamennsku, opinberri stjórnsýslu og stjórn málafræði við Háskóla Íslands sóttu nemendur Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna málstofuna. Nemendur Jafnréttisskólans stunduðu nám í kynja-, friðar- og öryggisfræðum og komu víða að, m.a. frá Afganistan, Palestínu, Írak, Túnis, Sómalíu og Eþíópíu. Nemendurnir tóku þátt í þremur mismunandi umræðuhópum. Sá fyrsti var helgaður umfjöllun um ályktanir Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og 2250 og hlutverk kvenna og ungs fólks í að stuðla að friði og öryggi, undir stjórn Tamöru Shefer, prófessors í kvenna- og kynjafræðum við Western Cape háskóla í Cape Town í Suður Afríku. Í öðrum umræðuhópi var rætt um það hvernig hægt væri að taka á þeim áskorunum sem blasa við konum á flóttu en þeim umræðum var stjórnað af Ortrune Merkle, doktorsnema við UNU-MERIT við Maastricht háskóla. Hún er gestafræðimaður við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Sá þriðji var helgaður hlutverki og þátttöku kvenna í friðaruppbyggingu. Anne Flaspöler, gestafræðimaður við Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, leiddi þær umræður en hún hefur haft umsjón með skipulagi kennslu í kynja-, friðar- og öryggismálum við skólann.

Meðal helstu niðurstæðna í umræðunum voru þær að nemendurnir töldu að ungt fólk skorti tæki og töl til þess að gera sig gildandi í friðaruppbyggingu í heiminum, að ályktun Sameinuðu þjóðanna um ungt fólk, frið og öryggi, færði þeim einungis orð en henni fylgdu engin verkfæri. Þá skapaðist einnig umræða um það hvaðan ályktunin væri sprottin þar sem hún virtist fremur grundvölluð á ótta en bjartsýni í garð komandi kynslóða.

Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands stóð fyrir ráðstefnu um Ísland á alþjóðavettvangi í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Félag stjórnmálafræðinga og Norðurlönd í fókus, sem haldin var síðasta dag vetrar, þann 19. apríl 2017. Á ráðstefnunni var velt upp spurningum tengdum breyttu valdajafnvægi í heiminum og stöðu lítilla ríkja í alþjóðakerfinu í dag. Ráðstefnunni, sem fyrirhugað er að halda ár hvert, er ætlað að leiða saman ólík rannsóknasvið Alþjóðamálastofnunar og er sjónum m.a. beint að hatursorðræðu, lýðskrumi, fjölmiðlum, friði, öryggi, mannréttindum, jafnréttismálum, loftslagsbreytingum og fólksflutningum á norðurslóðum.

Gildi og hugsjónir í íþróttum og menntun: Erum við á réttri leið?

Opið málþing var haldið á Háskólatorgi í aðdraganda *Spirit of Humanity Forum*, miðvikudaginn 26. apríl, þar sem sjónum var beint að nýjungum í menntun og þjálfun barna. Málstofan var haldin á

vegum Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og samtakanna Education 4 Peace í samstarfi við The Spirit of Humanity Forum, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Kennarasamband Íslands, Barnaheill, ÍSÍ og UMFÍ. Mikil vitundarvakning hefur átt sér stað um mikilvægi andlegrar heilsu ungra barna og áhrif mikils álags, eineltis og annarrar skaðlegrar hegðunar á möguleika þeirra til samfélagsþátttöku síðar á lífsleiðinni. Áhersla var því lögð á hlutverk menntakerfisins, kennara og íþróttapjálfa í að stuðla að jákvæðum samskiptum, draga úr ágreiningi og kenna börnum að bera virðingu fyrir sér, öðrum og umhverfinu.

Meðal framsögumanna voru Neil Hawkes, stofnandi Values-based Education, Sunita Gandhi, ein af stofnendum Council for Global Education og Dignity, Education Vision International, Richard Dunne, skólastjóri Ashley School, Mark Milton, stofnandi Education 4 Peace, Jóhanna Einarsdóttir, forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Brynhildur Sigurðardóttir, skólastjóri Garðaskóla, Hanna Ragnarsdóttir, prófessor í fjölmenningsfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Friðna Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri fjölmennings í leikskólum hjá Reykjavíkurborg og Þórarinn Alvar Þórarinnsson, verkefnastjóri þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

Markmið Höfða friðarseturs með málþinginu var meðal annars að mynda ný tengsl við aðila innan menntakerfisins og á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Spirit of Humanity Forum

Alþjóðlega ráðstefnan *Spirit of Humanity Forum* var haldin í þriðja sinn í Reykjavík dagana 27. – 29. apríl 2017. Ráðstefnan fór fram í Háskólabíó þar sem hátt í 30 leiðtogar á sviði friðar, umhverfismála og menntunar voru með fyrirlestra sem tengdust yfirskriftinni: *Caring for a World in Transition: Building a Foundation for a Loving and Peaceful World*. Höfði friðarsetur tók þátt í undirbúningi og kynningu á viðburðinum í gegnum samfélagsmiðla og veitti almenna ráðgjöf varðandi þátttöku innlendra aðila og fjölmiðlaumfjöllun.

Viðfangsefni ráðstefnunnar var að skoða hvernig hver og einn getur haft áhrif til breytinga með því að hafa sameiginleg grunngildi mannsins eins og kærleika, umhyggju, virðingu og samkennd að leiðarljósi í einkalífi og starfi og hvernig það hefur síðan áhrif út í samfélagið. Á ráðstefnunni var sjónum einnig beint að andlegri ástundun og nýjum leiðum í stjórnun þar sem virðing, umhyggja, traust, samtal og samkennd eru höfð að leiðarljósi. Um 200 manns alls staðar að úr heiminum tóku þátt í ráðstefnunni. Meðal þeirra sem komu fram voru: Gulalai Ismail, stofnandi Aware Girls í Pakistan, en hún margverðlaunuð fyrir friðarstörf og baráttu sína fyrir rétti stúlkna til að mennta sig, Lord John Alderdice, sem átti stóran þátt í Good Friday Agreement á Norður-Írlandi, Dr. Rama Mani, sérfræðingur í friðar- og öryggismálum sem hefur m.a. unnið með Hvítu hjálmunum í Sýrlandi og Hrund Gunnsteinsdóttir sérfræðingur á sviði friðaruppbyggingar.

Ráðstefnan var haldin á vegum Education 4 Peace Foundation, Pure Land Foundation, Brahma Kumaris World Spiritual University, Fetzer Institute og Guerrand-Hermès Foundation for Peace, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Höfða friðarsetur.

Málþing um frið á norðurslóðum

Haldið var málþing um frið á norðurslóðum í Háskólanum í Reykjavík 10. maí í samstarfi við Rannsóknasetur um norðurslóðir, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Tromsø og Háskólann í Reykjavík. Málstofan er hluti af rannsóknarverkefni sem styrkt er af *Arctic Studies* sjóðnum. Önnur ráðstefna í þessu verkefni verður haldin í Tromsø í Noregi á næsta ári. Verkefnin sem styrkt eru úr þessum sjóði eru tvenns konar, þeim er annars vegar ætlað að efla tengsl og fræðastarf milli háskóla í Noregi og á Íslandi og hins vegar að stuðla að frekari rannsóknum á þessu sviði. Bæði verkefnin

beina sjónum að friði á norðurslóðum þar sem skoðaðir verða sérstaklega áhrifaþættir á borð við loftslagsbreytingar, aukna fólksflutninga og pólitískar hræringar á svæðinu.

Summit.Ahead

Höfði Friðarsetur kom að undirbúningi fundarins *Summit.Ahead* á Íslandi sem haldinn var dagana 26. - 28. október að tilstuðlan bandarísku samtakanna Forum280. Markmið fundarins var að leiða saman stóran hóp fólks úr ólíkum áttum sem vilja vinna að samfélagslegum úrbótum. Þátttakendur komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi og Íslandi og voru með fjölbreyttan bakgrunn, m.a. úr stjórnmálum, viðskiptalífi, félagastarfi og fræðasamfélaginu. Markmið fundarins var að koma á fót vinnuhópum sem myndu vinna að því að greina breytta stöðu á vinnumarkaði í kjölfar tækninýjunga og þau samfélagslegu áhrif sem þessar breytingar koma til með að hafa. Eitt af aðal viðfangsefnum hópsins var símenntun og fullorðinsfræðsla þar sem reynt var að leita lausna varðandi þá hóp sem gætu setið eftir við þessar miklu breytingar og hvernig nám og kennsla þurfi að taka breytingum í takt við þá tækniþróun sem hefur átt sér stað.

Þessi fundur, sem haldin var í Reykjavík, var fyrsti fundurinn af þremur sem þessi hópur mun standa fyrir með það að markmiði að þróa nýjar hugmyndir sem ýta undir jákvæðar samfélagsbreytingar og stuðla þannig að aukinni samfélagslegri nýsköpun.

Viðauki 1: Um Höfða friðarsetur

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands var formlega stofnað í október 2016. Setrið starfar á grundvelli stofnsamnings sem undirritaður var í Höfða þann 7. október 2016. Samningurinn var lagður fyrir borgarstjóra þann 29. febrúar 2016 og samþykktur af borgarráði 3. mars 2016. Nýr samningur nær til þriggja ára og tryggir starfsgrundvöll setursins árin 2017, 2018 og 2019.

Samkvæmt samstarfssamningi um stofnun Höfða friðarseturs er markmið setursins að stuðla að því að Reykjavíkurborg vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skuli setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar.

Auk þessa er Höfða friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ætlað að auka almennt þekkingu á því hvernig stuðla megi að friði, annars vegar með fræðslu til almennings, starfsfólks Reykjavíkurborgar og nemenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar, og hins vegar með stuðningi við rannsóknir. Þá er setrinu ætlað að styrkja stefnu Reykjavíkurborgar í alþjóðamálum, í samræmi við þá þróun sem verið hefur á heimsvísu í átt að auknum sendierindrekstri stjórnvalda á lægri stjórnsýslustigum en ríkisvaldsins (e. para-diplomacy).

Höfði friðarsetur er því hugsað sem vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja í að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

Höfði friðarsetur starfar innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands en stofnunin er þverfræðileg stofnun á sviði alþjóðamála sem tilheyrir Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði við Háskóla Íslands. Önnur setur sem heyra undir stofnunina eru Rannsóknasetur um norðurslóðir og Rannsóknasetur um smáriki. Stofnunin stendur fyrir fjölda málþinga og fyrirlestra innanlands sem utan, gefur út fræðirit og kennslubækur, tekur þátt í rannsóknastörfum á sviði alþjóðamála og rekur sumarskóla undir hatti Rannsóknaseturs um smáriki ár hvert. Eitt af þeim verkefnum sem stofnunin vann nýlega að er úttekt á þjónustu við flóttafólk og innflytjendur og greining á aðlögun þeirra að íslensku samfélagi sem unnin var í samstarfi við innanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Með stofnun Höfða friðarseturs gefst Alþjóðamálastofnun færi á að víkka út rannsóknarsvið stofnunarinnar og beina sjónum í auknum mæli að þeim áskorunum sem nútímasamfélög standa frammi fyrir, eins og loftslagsbreytingum, málefnum flóttafólks, auknum fjölbreytileika og aukinni þjóðernishyggju og lýðskrumi í samfélagsumræðu. Meðal helstu verkefna Höfða friðarseturs er að stuðla að opinni umræðu um hlutverk borga og almennra borgara í að stuðla að friði og friðarmenningu, að standa fyrir friðarfræðslu fyrir börn af ólíkum uppruna, að þróa námskeið í menningarnæmni fyrir starfsfólk borgarinnar og Háskóla Íslands og styðja við grasrótastarf með áherslu á nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í þágu friðar. Setrinu er jafnframt ætlað að efla rannsóknir í friðar- og átakafræðum hér á landi en eitt af markmiðum setursins er að koma á fót námsbraut í friðar- og átakafræðum við Háskóla Íslands. Þá stendur setrið fyrir alþjóðlegri ráðstefnu þann 10/10 ár hvert þar sem áherslan er á framlag ungs fólks til friðar undir yfirskriftinni *The Imagine Forum*. Ráðstefnan er hluti af friðardögum í október sem ætlað er að setja svip sinn á Reykjavíkurborg og festa hana enn frekar í sessi sem borg friðar.

Viðauki 2: Samþykktir og samningar

Eftirfarandi er samþykkt borgarráðs frá mars 2016:

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 29. febrúar 2016: Borgarráð samþykkir þátttöku Reykjavíkurborgar í stofnun Friðarseturs (Höfði – Reykjavík Peace Center) í samstarfi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Friðarsetur verði formlega stofnað samhliða því að haldinn verði alþjóðlegur viðburður í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins, sbr. valkost 2 í hjálögðum tillögum og fjárhagsáætlun frá Alþjóðamálastofnun HÍ. Reykjavíkurborg verji 10 m.kr. til verkefnisins sem greiðist af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð (3/3 2016, 5399. fundur borgarráðs - http://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/borgarrad_0303.pdf).

Í tillögunni sem lögð var fyrir borgarráð og samþykkt var í mars 2016 kom fram að fyrir utan sérverkefni feli fastur rekstrarkostnaður í sér eftirfarandi:

- Þátttaka í stefnumótun borgarinnar í friðarmálum
- Þátttaka í þróun verkáætlana um framkvæmd friðarstefnu
- Innlent og alþjóðlegt samstarf - ICORN, Peaceboat ofl.
- Spirit of Humanity Forum - skipulag og ut anumhald
- Skipulag viðburða í tengslum við friðardaginn
- Ferðakostnaður (ráðstefnur, fundir erlendis)
- Markaðs- og kynningarmál (s.s. viðhald og þróun vefs og samfélagsmiðla)
- Reglubundnir fundir

Þar var einnig útlistað framlag HÍ til viðbótar við fastan rekstrarkostnað:

- Þátttaka Friðarsetursins í Háskóla unga fólksins
- Þróun náms í friðarfræðum við Háskóla Íslands
- Friðarfræðikennsla í alþjóðlegum sumarskóla smárikjasetursins
- Skipulagðir opnir fyrirlestrar á vegum Alþjóðamálastofnunar

Þá var enn fremur tilgreint að valkostur 2 hefði orðið fyrir valinu en hann hljóðaði upp á:

- Alþjóðlegan viðburð í tengslum við 30 ára afmæli Höfðafundarins sem jafnframt markaði stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands
- Símenntun fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem felur í sér þróun sérsniðins námskeiðs í menningarnæmni

Á fyrsta starfsári setursins hefur verið unnið markvisst að markmiðum setursins og skilyrði samningsins uppfyllt.

Viðauki 3: Aðdragandi að stofnun Höfða friðarseturs

Stofnun friðarstofnunar eða friðarseturs í Reykjavík á sér langan aðdraganda en hugmyndin kom fyrst fram í yfirlýsingu Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, þáverandi borgarstjóra, í október 2006 þar sem hann lagði til að sett yrði á fót Friðarstofnun Reykjavíkur. Vilhjálmur lagði síðar fram formlega tillögu í borgarstjórn þess efnis þann 1. júní 2010. Ári síðar kom Jón Gnarr, þáverandi borgarstjóri, fram með þá hugmynd að unnið yrði að stofnun Friðarseturs í Viðey. Í kjölfarið fór af stað vinna innan veggja Háskóla Íslands við að undirbúa tillögu að stofnun friðarseturs sem hýst yrði innan Háskóla Íslands (HÍ). Afrakstur þeirrar vinnu var síðan kynnt í október 2013, þegar Alþjóðamálastofnun HÍ lagði fram formlega tillögu til Reykjavíkurborgar um stofnun friðarseturs í samstarfi við háskólann. Eftir nokkrar viðræður var samþykkt að Reykjavíkurborg og Alþjóðamálastofnun myndu vinna saman að verkefninu. Markmiðið var að setrið tæki til starfa haustið 2015 og að það yrði hýst innan Alþjóðamálastofnunar HÍ. Í kjölfarið, eða þann 7. janúar 2015 skrifuðu Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, undir samstarfssamning um undirbúningu að stofnun Friðarseturs í Reykjavík að viðstaddri ráðgjafanefnd tilvonandi seturs en hana skipuðu Jón Gnarr (formaður), Silja Bára Ómarsdóttir (f.h. Háskóla Íslands) og Svanhildur Konráðsdóttir (f.h. Reykjavíkurborgar).

Samkvæmt þeim samningi er markmið friðarsetursins:

Að styrkja Reykjavík sem borg friðar og vera til ráðgjafar um hvernig Reykjavík geti unnið að friði hér heima og að heiman. Með starfi friðarseturs verði stuðlað að uppbyggilegum samskiptum, minnkandi ofbeldi og friðsamlegum samskiptum ríkja og alþjóðastofnana. Þá verði unnið að því að auka almennt þekkingu á því hvernig megi stuðla að friði með fræðslu og stuðningi við rannsóknir. Friðarsetur verði þannig vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smárikja við að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

Á undirbúningstímabilinu stóð Alþjóðamálastofnun fyrir viðburðum og tók þátt í verkefnum sem tengdust stofnun Höfða friðarseturs með einum eða öðrum hætti. Má þar nefna opinn fund á Fundi fólksins, þriggja daga hátíð um samfélagsmál, sem fram fór í júní 2015, undir yfirskriftinni *Hvernig geta borgir stuðlað að friði?* Þar var sjónum sérstaklega beint að framlagi Reykjavíkurborgar og Friðarsetursins til aukins friðar og hvernig efla mætti tengsl við virka þátttakendur í friðarstarfi, á borð við samtök, stofnanir og einstaklinga, og hvernig nýta mætti þeirra framlag og tengsl í þágu friðar.

Í september 2016 stóð Alþjóðamálastofnun einnig fyrir opnum fundi í tengslum við hátíðina Fund fólksins en að þessu sinni undir hatti Fræði og fjölmenningar, fundaraðar á vegum Háskóla Íslands sem er ætlað að stuðla að fræðslu, rannsóknum og upplýstri umræðu um fjölmenningsamfélagið, málefni innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda. Alþjóðamálastofnun tók þátt í verkefninu og hafði, í samstarfi við skrifstofu rektors, yfirumsjón með undirbúningi og skipulagningu þess. Umfjöllunarefni fundarins var menntun og atvinnutækifæri innflytjenda og flóttafólks og hvernig nýta mætti betur starfsreynslu þeirra og þekkingu í íslensku samfélagi.

Alþjóðamálastofnun stóð einnig fyrir fundunum *Tímamót á Kúbu?* og *Kjarnorkusaga Hiroshima* en báðir þessir fundir voru haldnir í tengslum við alþjóðlegt samstarf Reykjavíkurborgar í friðarmálum. Sá fyrrnefndi tengdist alþjóðlega skjólborgarverkefninu International Cities of Refuge Network eða ICORN. Þar fjallaði Orlando Luis Pardo Lazo, kúbanskur rithöfundur, aðgerðarsinni, blaðamaður og ritstjóri um aukin samskipti Bandaríkjanna og Kúbu en Orlando er einn þeirra sem hlotið hefur skjól hjá Reykjavíkurborg í gegnum ICORN. Sá síðarnefndi var haldinn hér á landi í vegna

samstarfs Reykjavíkurborgar við Peace Boat og Mayors for Peace en þar deildi Yumie Hirano reynslu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Hiroshima og Nagasaki með þeim sem hlýddu.

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands tók síðan formlega til starfa þann 7. október 2016 við hátíðlega athöfn í Höfða þar sem Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands skrifuðu undir stofnsamning. Að athöfn lokinni fór fram opnunarmálþing í Hátíðasal Háskóla Íslands þar sem Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti opunarávarp. Aðalræðumenn voru Steve Killelea, stofnandi og stjórnarformaður *Institute for Economics and Peace* og höfundur Global Peace Index og Annika Bergman Rosamond, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann í Lundi. Auk þeirra fluttu Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur ávörp. Rík áhersla var lögð á áhrif borga og borgara til friðar í heiminum og hlutverk kvikmynda í friðarumræðunni, í samstarfi við RIFF (Reykjavik International Film Festival).

Viðauki 4: Áætlaður rekstrarkostnaður Höfða friðarseturs

Árlegur rekstrarkostnaður Höfða friðarseturs

Rekstur	Samtals á ári	Reykjavíkurborg	HÍ
Verkefnastjóri (100%)	10.000.000	10.000.000	
Launakostnaður annars starfsfólks AMS sem kemur að verkefnum friðarsetursins	5.000.000		5.000.000
Kostnaður vegna fastra verkefna*	12.000.000	6.000.000	6.000.000
Húsnæði	1.500.000		1.500.000
Tækjabúnaður	500.000		500.000
Ritvinnsluforrit	50.000		50.000
Stjórnsýslukostnaður	450.000		450.000
Vefsíða (vinna+hýsing+lén)	350.000		350.000
Símenntun og þjálfun fyrir starfsmenn	300.000		300.000
Kostnaður vegna opinna funda í HÍ	1.500.000		1.500.000
Síma- og internetkostnaður	300.000		300.000
Póstkostnaður	50.000		50.000
Samtals	32.000.000	16.000.000	16.000.000

*Kveðið er á um alþjóðlega ráðstefnu Höfða friðarseturs í samningi sem eitt af þeim föstu verkefnum sem setrið sinnir. Að auki stendur setrið fyrir sumarnámskeiði sem Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands standa straum af.

Viðauki 5: Sumarnámskeið Höfða friðarseturs

Kostnaði við námskeiðið var haldið í lágmarki en ákveðið var engu að síður að gera vel við börnin og til að mynda var boðið upp á hádegisverð alla daga, ekki síst til að tryggja þátttöku barna frá efnaminni fjölskyldum. Töluverður kostnaður fór í laun leiðbeinenda en rík krafa var gerð um fjölbreyttan tungumálabakgrunn og reynslu sem nýttist á námskeiðinu. Auk þess að taka þátt í að leiðbeina á námskeiðinu sjálfu tóku leiðbeinendur virkan þátt í undirbúningi. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var afar virkt í samstarfinu og kostaði einn starfsmann inn á námskeiðið ásamt aðstöðu fyrir námskeiðið sem haldið var í Fellaskóla. Undirbúningur námskeiðsins tók marga mánuði enda var verið að þróa nýtt námsefni og skipuleggja nýtt námskeið frá grunni. Ef námskeiðið verður haldið með sama sniði aftur má færa rök fyrir því að kostnaður verði minni hvað undirbúningur varðar. Hugmyndir hafa hins vegar verið uppi um að bæta við fleiri námskeiðum en í því fælist aukinn kostnaður í takt við aukinn fjölda starfsmanna á námskeiðinu.

Kostnaður vegna námskeiðsins er ekki hluti af föstu framlagi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands til Höfða friðarseturs. Það er von okkar að Reykjavíkurborg styðji við bakið á þessu frábæra verkefni og leggi til fjármagn sem nemur framlagi borgarinnar, sbr. kostnaðaryfirlitið hér að neðan.

Sumarnámskeið Höfða friðarseturs

		Reykjavíkurborg	Háskóli Íslands
Launakostnaður leiðbeinenda og kennara	1.025.400	512.700	512.700
Launakostnaður verkefnastjóra - tímabundin ráðning	1.200.000	600.000	600.000
Ferja út í Viðey - undirbúningsdagur	9.750	4.875	4.875
Ferja út í Viðey - útskrift	20.250	10.125	10.125
Hönnun - kynningarefni og skirteini	119.585	59.793	59.793
Prentun - kynningarefni	128.972	64.486	64.486
Rúta frá Höfða og að ferjustaðnum	81.900	40.950	40.950
Matur (undirbúningur og námskeið)	407.373	203.687	203.687
Þýðingar	41.000	20.500	20.500
Tryggingar	52.859	26.430	26.430
Efniskostnaður (listasmíðja og fl.)	62.016	31.008	31.008
Bækur vegna fræðslu á námskeiðinu	14.487	7.244	7.244
Upptökur og myndvinnsla - áætlaður kostnaður	500.000	250.000	250.000
Ófyrirsjáanlegur kostnaður	300.000	150.000	150.000
SAMTALS	3.963.592	1.981.796	1.981.796

Viðauki 6: Árleg friðarráðstefna

Kostnaður vegna ráðstefnunnar er ekki hluti af föstu framlagi Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands til Höfða friðarseturs. Hér er að finna yfirlit yfir heildarkostnað við ráðstefnuna árið 2017. Til þess að Höfði friðarsetur geti staðið fyrir sambærilegri ráðstefnu að ári, þann 10/10 2018, þarf að koma til aukafjármagn frá stofnaðilum setursins eins og kveðið er á um í samningi um starfsemi Höfða friðarseturs.

Alþjóðleg ráðstefna 10/10 2017

		Reykjavíkurborg	Háskóli Íslands
Leiga á sal	183.300	91.650	91.650
Veitingar á ráðstefnu	211.090	105.545	105.545
Kynningarefni - hönnun	256.000	128.000	128.000
Kynningarefni - prentun	64.428	32.214	32.214
Uppfærsla á vef	18.900	9.450	9.450
Rúta á Bessastaði	37.500	18.750	18.750
Ferðakostnaður fyrirlesara	1.034.112	517.056	517.056
Gisting fyrirlesara	309.200	154.600	154.600
Kvöldverður fyrir fyrirlesara	68.970	34.485	34.485
Leigubílar	102.000	51.000	51.000
Upptaka og streymi	321.104	160.552	160.552
Blóm og skreytingar	29.800	14.900	14.900
SAMTALS	2.636.404	1.318.202	1.318.202

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, og Háskóli Íslands, kt. 600169-2039, Sæmundargötu 2, gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands

Inntak

Samningsaðilar skuldbinda sig til samstarfs um rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands samkvæmt samningi þessum.

Reykjavíkurborg skuldbindur sig til þess að greiða tíu milljónir kr. til Háskóla Íslands vegna verkefnisins árlega, árin 2017, 2018 og 2019. Háskóli Íslands hýsir verkefnið innan Alþjóðamálastofnunar HÍ og leggur verkefninu til starfsaðstöðu, vinnuframlag og verkefnisstjóra.

1. gr. Markmið

Markmið með stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg og Ísland vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan. Til að ná þessu markmiði skal setrið skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar í þessum efnum og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar. Um skipulag og starfsemi þessa verkefnis er nánar fjallað um í stofnsamþykkt um Höfða friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands.

2. gr. Framlög samstarfsaðila

Framlag Reykjavíkurborgar vegna þessa samnings fellst í tíu milljóna kr. greiðslu árlega. Framlagið skal greiðast þann 1. desember 2017, 1. febrúar 2018 og 1. febrúar 2019 gegn framvísun reiknings. Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2018 og 2019 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára.

Verkefnið er hýst innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og leggur stofnunin verkefninu til starfsaðstöðu, svo sem húsnæði og búnað eftir því sem kostur er, sem og vinnuframlag starfsmanna stofnunarinnar.

Höfði friðarsetur skal standa fyrir alþjóðlegri ráðstefnu árlega í október mánuði þar sem sjónum er beint að friðarmálum í víðum skilningi. Kostnaður við ráðstefnuna deilist jafnt milli samstarfsaðila, þ.e. Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og kemur til viðbótar framlags borgarinnar sbr. hér að ofan. Kostnaðaráætlun vegna ráðstefnunar skal lögð fram til samþykkis Reykjavíkurborgar fyrirfram.

Um önnur verkefni friðarseturs sem teljast ekki vera hluti af samstarfssamningi þessum skal samið um fyrirfram og kostnaður deilist í þeim tilvikum jafnt á milli samstarfsaðila þessa samnings.

3. gr. Framkvæmd samnings

Fyrir hönd Háskóla Íslands er Alþjóðamálastofnun ábyrg fyrir framkvæmd samningsins en skrifstofa borgarstjóra og borgarritara fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal skila greinargerð um starfsemi og rekstur Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands ár hvert í desember. Í fyrsta skipti í desember 2017.

4. gr. Trúnaður

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

5. gr. Kynningarmál

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands skal kynna þau verkefni sem fjárveiting fer til, án sérstakrar þóknunar, sé eftir því óskað af hálfu Reykjavíkurborgar. Stofnunin skal jafnframt upplýsa í kynningum á verkefninu að það njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Háskóla Íslands. Telji annar samstarfsaðili sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega.

Ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhöggi við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Rísi mál vegna efnda samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2019. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

F.h. Háskóla Íslands

F.h. Reykjavíkurborgar

Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu:

Nafn kt.

Nafn kt.

DRÖG

Samþykkt fyrir

Höfða friðarsetur

1. gr.

Almennt.

Höfði friðarsetur er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands. Markmið með stofnun Höfða friðarseturs Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er að stuðla að því að Reykjavíkurborg og Ísland vinni að friði í heiminum, jafnt innanlands sem utan.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Höfða friðarseturs er:

- Að skoða og skilgreina hvaða leiðir eru færar til þess að stuðla að því að Reykjavíkurborg og Ísland vinni að friði og aðstoða Reykjavíkurborg við mótun, útfærslu og framkvæmd stefnu sem styrkir innviði hennar í því hlutverki að vera borg friðar.
- Að leita leiða til að auka almennt þekkingu á því hvernig stuðla megi að friði, annars vegar með fræðslu til almennings og nemenda í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar, og hins vegar með stuðningi við rannsóknir.
- Að styrkja stefnu Reykjavíkurborgar í alþjóðamálum, í samræmi við þá þróun sem verið hefur á heimsvísu í átt að auknum sendierindrekstri stjórnvalda á lægri stjórnsýslustigum en ríkisvaldsins (e. para-diplomacy).
- Að vera vettvangur fyrir þverfaglegt og alþjóðlegt samstarf, skipulag viðburða, ráðgjöf og fræðslu á sviði friðarmála, með áherslu á hlutverk borga og smáríkja í að stuðla að friði, friðarmenningu, afvopnun og friðarfræðslu.

3. gr.

Skipulag.

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er faglega sjálfstætt setur innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands sem er í nánú samstarfi við Reykjavíkurborg. Tengiliður Reykjavíkurborgar vegna þessa samstarfs er alþjóðamálafulltrúi Reykjavíkurborgar, tengiliður Háskóla Íslands er forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar og tengiliður Alþjóðamálastofnunar er verkefnastjóri Höfða friðarseturs. Stofnunin er vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smáríkjarrannsókna en innan stofnunarinnar starfa einnig Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir.

Ef forstöðumaður er ráðinn til setursins er hann ábyrgur gagnvart forstöðumanni Alþjóðamálastofnunar og stjórn stofnunarinnar í starfi sínu og annast daglegan rekstur í umboði hennar. Forstöðumaður hefur eftirlit með starfsmönnum setursins og fjármálum auk þess að gera rekstraráætlanir og stýra verkefnum. Ef enginn forstöðumaður er ráðinn til setursins sérstaklega stýrir forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar setrinu og annast allan daglegan rekstur þess.

4. gr.

Aðstaða.

Háskóli Íslands skal veita Höfða friðarsetri starfsaðstöðu ásamt vinnuframlagi og verkefnisstjóra.

5. gr.

Stjórn.

Höfði friðarsetur Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands er fagleg sjálfstæð eining sem starfar innan Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands. Stjórn Alþjóðamálastofnunar setur Höfða friðarsetri Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands starfsreglur.

Þá skal einn fulltrúi Reykjavíkurborgar sitja í stjórn Alþjóðamálastofnunar. Nánar er fjallað um starfshætti og skipan stjórnar Alþjóðamálastofnunar í reglum um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands nr. 550/2010 ásamt síðari breytingum á þeim reglum nr. 355/2017.

6. gr.

Fjármál.

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands standa að Höfða friðarsetri og skuldbinda sig til að leggja friðarsetrinu til rekstrarfé ár hvert.

7. gr.

Slit samstarfs.

Ákvörðun um slit þessa samstarfs skal tekin á fundi stjórnar Alþjóðamálastofnunar. Komi til slita skulu fjármunir Höfða friðarseturs, ef einhverjir, skiptast jafnt á milli samningsaðila eða renna til góðgerðasamtaka sem stuðla að friði.

Reykjavík [Dags.]

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Háskóla Íslands